



Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Grindavíkurhöfn fyrir endurnýtingu jarðvegs- og steinefnaúrgangs í fyllingu á Grindavíkurhöfn n.t.t. svæði 2 og 2.5 sbr. erindi um landfyllingar á hafnarsvæði dags. 2. febrúar 2026 og yfirlitsmynd í viðauka 1.

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir Grindavíkurhöfn, kt. 580169-3039, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfisskilyrðin taka mið af ákvæðum í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir nýtingu jarðvegs- og steinefnaúrgangs í fyllingu á fyrrgreindum svæðum, þ.e. jarðvegur, sandur, steinar, uppgröftur, mulið berg og járnhreinsuð steypa. Efni til endurnýtingar í fyllinguna skal vera án annarra aðskotahluta, úrgangs eða mengandi efna sbr. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar.
(https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Endurn%C3%BDting_%C3%BArgangs_%C3%AD_fyllingar.pdf)
- 1.3 Fari fyllingarefni út fyrir fyrirframskilgreint svæði sbr. afmörkunum í viðauka 1 í fjöru eða sjó skal það tilkynnt til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja þar sem þá er um landfyllingu að ræða sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun.

2. Móttaka úrgangs, athafnasvæði og umgengni

- 2.1 Einungis er heimilt að taka á móti efni til endurnýtingar í fyllinguna sbr. ákvæði 1.2, og tilgreinda efnispörf í viðauka 1. Steypubrot sem nýtt eru í fyllinguna mega ekki vera blönduð plasti, einangrun, klæðningum eða annarskonar yfirborðsefnum.
- 2.2 Rekstraraðili skal setja verklagsreglur um móttöku úrgangs á fyllingarsvæðið og tryggja reglulegt og ríkt innra eftirlit sé með fyllingarsvæðinu á þann hátt að úrgangur til endurnýtingar sem losaður er á fyllingarsvæðið sé í samræmi við ákvæði 1.2 og 2.1. Rekstraraðili skal gera ráðstafanir sem tryggja að óviðkomandi aðilar geti losað efni eða úrgang á svæðinu. Verði rekstraraðili var við að annarskonar úrgangar sé losaður á fyllingarsvæðið skal rekstraraðili gera ráðstafanir um að fjarlægja þann úrgang án tafar og skila í viðeigandi úrgangsfasa.
- 2.3 Rekstraraðili skal setja upp merkingar eða skilti sem segja til um hverskonar úrgang má losa á fyllingasvæðinu. Merkingar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs og samræmdar norrænar flokkunar- og úrgangsmerkingar eftir því sem á við.
- 2.4 Rekstraraðili ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, grunnvatn, loft, jarðvegur eða umhverfi mengist. Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu, gæta hreinlætis í hvívetna og sjá til þess að ekki verði uppsöfnun eða

geymsla á vélum, tækjum eða öðrum hlutum óviðkomandi starfseminni á fyllingarsvæðinu.

3. Innra eftirlit, skráningar og tilkynningar

- 3.1 Rekstraraðili skal hafa innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar ávallt vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja:
- Upplýsingar um magn og uppruna fyllingarefnis sem fært er á svæðið.
 - Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð rekstraraðila við þeim.
- 3.2 Viðbragðsáætlun gagnvart mengunaróhöppum skal berast Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja til umsagnar og/eða samþykktar eigi síðar en 1. apríl 2026.
- 3.3 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja ef verulegar breytingar eru áformaðar á starfseminni, nýr rekstraraðili kemur að starfseminni eða mengunaróhapp verður á athafnasvæðinu. Hafa skal fullt samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna ákvarðana um athuganir eða rannsóknir á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf, hreinsiaðgerðir eða ráðstafana vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar á starfsemi.
- 3.4 Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjöld til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir reglubundið eftirlit sem og allan annan tilfallandi kostnað fyrir aðkomu heilbrigðiseftirlitsins vegna starfseminnar í samræmi við gildandi gjaldskrá embættisins hverju sinni.

4. Lög og reglugerðir

- 4.1 Ákvæði um eftirlit, upplýsingagjöf, skráningar, ábyrgðir og þvingunarúrræði er að finna í eftirfarandi lögum og reglugerðum sem eiga helst við um starfsemina. Önnur lög eða reglugerðir kunna einnig að eiga við.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 - Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
 - Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.
 - Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
 - Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
 - Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
 - Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
 - Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
 - Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
 - Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Viðauki 1

